Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf og skjöl fátækramála 1909-1910

Aðfnr. 1018, örk 34


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.



Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.



**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

að verulegum notum að byrja með
minna en 800-1000 krónur. Það er
að vísu mikið fé, en það er ekki
eyðslueyrir og ekki meira en eg,
verð búinn að éta út á tveim árum
En fyrir þessa upphæð mætti fá:
4 kýr, 1 hest með keyrsluáhöldum,
10 ær, notskur reipi og skornvél.
Með þessu eru miklar líkur til
að eg komist af án frekari styrk-
veitinga eftir fyrsta árið og gæti svo
farið að borga eitthvað eftir 2-3 ár
Þettað ástand sem er, er alveg óþol
-andi bæði fyrir mig og fátækra
féð, þarfnast eg því svo mjög hjálpar
til að geta beitt þeim litlu kröftum
og vilja sem eg hefi, á sem hagfeld-
astan hátt að unt er.

Reykjavík 8.2.1910 Baldur Benediktsson

Til fátækranefndarinnar í Reykjavík

Hátt virta fátækranefnd Reykjavíkur!

Eins og yður er kunnugt eru kring-
umstæður mínar þannig, að það er langt
frá því að eg sé sjálfbjarga, og þrátt fyrir
ítarlegar umhugsanir og tilraunir
mínar til að mynda sjálfstæði mitt
hefi eg ekkert komist á leiðis í þá átt.

Reynslan hefir sýnt mér og sannað
að þó að atvinna væri með venjulegum
daglaunum árið umkring að það sem
eg innporta á mínar tvær hendur sem
daglaunamaður, hrekkur ekki til
að framfæra fjölskyldu mína, og því
svo miklu síður sem atvinnan er
bæði stopul og svikul. Hefi eg því
orðið síðastliðið ár að safna skuldum
við bæjarsjóð skuld sem vexe með
stórum skrefum og hefi eg þó naleið
svo sparað á að ekki tjáir að herða meir

L. Rvk. 15/1 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

meir að í því efni, – og ekki útlit
fyrir að styrk þörfin minni verða í mörg
eftir komandi ár ef ekkert er að
gjört. Til að reyna að koma í veg fyrir
áfram haldandi styrkveitingar, mælist
eg hér með innilega til að hin háttvirta
fátækranefnd hlutist til um að eg fengi
í hendur dálítið bú og býli, svo eg þar
af gæti fram leitt nokkuð það sem
orðið gæti arðsamara en handverkið
eingöngu. Hvað jarðnæði snertir
er mjög fátt laust til leigu og
að eins stórgallagripir með uppsprengd
um leigumála, svo sem Knútskotið
eða þ. l. þó myndi eg vilja reyna þar
við [illegible] ef kostur væri á og ekki
fengist annað skárra. Mér hefir
verið tjáð að bærinn ætti kot, Sveins-
staði, hér suður við Skerjafjörð, sem
laust myndi verða, enda hefi eg séð að
bærinn sá er mannlaus. Það kot
hefir meira ræktað land en býli
Jóns Hannessonar sem þar liggur
skamt frá, og eg beiddi um styrk
til að fá í fyrra, og er því álitlegra
að því leiti, en æskandi væri að
meira land fengist með kotinu til
ræktunar. Hús þau sem koti þessu
fylgja eru ekki hæf til íbúðar, en mætti
nota þau sem fjós eða peningshús
virðist mér því að óhjákvæmilegt sé
að byggja íbúðarhús og heyhlöðu þar
fyrir hvern þann sem þar byggi.
Sæi nefndin sér fært að ljá mér kot
þetta og byggja á því nauðsynleg híbýli
væri æskilegt fyrir mig að fá þar atvinnu
nú, einkum á meðan að hvergi er vinnu
að fá. En nú er ekki nóg með það
að fá býlið, heldur vantar búið líka
og sýnist mér sem ekki myndi koma

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. 2. '10.

Síðan eg skrifaði með fylgjandi bréf hefi eg fengið að vita að Sauðagerði hér í bæ eign kaupm. Sturlu Jónssonar væri óleigt á næstu fardögum, en eg hefi ekki getað enn aflað mér nokkra upplýsinga um það.

Baldur Benediktsson

F. Rvk. 15/1 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

NB: sparisjóðsbók 2000,00 kr —

# Skuld
## til Fátækrasjóðs með veði í Hólakoti

—— " ——

| | | |
|---|---|---|
| 1872 31. des. | skuld | Kr. 136,33 |
| 1873. | styrkur | " 64.00 |
| 1874. | —— " —— | " 40.00 |
| 1875 | —— " —— | " 61.00 |
| 1876 | —— " —— | " 24.00 |
| 1877 | —— " —— | " 5.00 |
| 1879 | —— " —— | " 32.26 |
| 1881 | —— " —— | " 15.40 |
| 1884 | —— " —— | " 6.00 |
| 1885 | —— " —— | " 8.00 |
| 1887 | —— " —— | " 12.00 |
| 1892 | —— " —— | " 10.00 |
| 1896 | —— " —— | " 4.00 |
| 1897 | —— " —— | " 10.00 |
| 1906 | —— " —— | " 18.55 |
| | Samtals Kr. | 446.54 |

S. E. o. G.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 9. júlí 1907

Halldór Daníelsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

50 kr. lofar at borga 30. júni

Nb

# Skýrsla

um þurfalinginn Guðmund Guðmundsson, steinsmið. nr. 115 við Laugaveg

1. Fult nafn þurfalingsins Guðmundur Guðmundsson
2. Fæðingardagur og ár 11. júní 1872
3. Fæðingarstaður Lýtingsstöðum í Holtahreppi
4. Framfærslusveit hans þá er hann varð 16 ára gamall? Fæðingarhreppurinn
5. Gift~~ur~~ hvar og hvenær? Að Ási í Ásahreppi 12. maí 1899
6. Nafn konunnar, hvenær hún sé fædd og hvar? Ragnhildur Guinsdóttir, fædd 10. nóvbr. 1861 að Höfn í Melasveit
7. Barnafjöldi og aldur þeirra: Eiga eitt barn, (dreng) 10 ára
8. Æfiferill þurfalings eftir 16 ára aldur. Var til 27 ára aldurs, samfleytt, í fæðingarhreppi sínum, en þá árið 1899 fluttist hann suður til Reykjavíkur og hefur dvalið þar samfleytt síðan.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Hvort og hvenær hann hafi þegið sveitarstyrk fyrir sig eða þá, sem hann er skyldur að framfæra að lögum, og hvort styrkurinn sé endurgoldinn? Hefur aldrei fyr þegið neins konar sveitarstyrk

10. Hvort hann hafi lært nokkra handiðn? Steinsmíði

11. Hvernig heilsufari hans sé háttað? Hefur góða heilsu

12. Hvaða atvinnu hann hafi nú, er styrks er beiðst? Hefur lítilfjörlega atvinnu við steinsmíði

13. Hve mikið hann hafi á ~~viku (á~~ mánuði)? Hjerumbil 6 krónur

14. Hvernig heilsufari konunnar sé háttað? Er alveg heilsulaus og liggur altaf rúmföst.

15. Hvort hún vinni fyrir nokkru? ———

16. Hvort börnin geti unnið fyrir sér að einhverju leyti? Nei

17. Aðrar heimilisástæður þurfalingsins Leggur með móður konunnar 40 krónur á ári.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Hvers vegna hann er orðinn styrksþurfandi? Vegna veikinda konunnar og atvinnubrests

19. Hvaða eigur þurfalingur eigi Á húsið sem hann býr í með [illegible] og lóð með því; svo og lóð við Grettisgötu 34B. Á eignum þessum hvíla samtals ca. 3700 kr. Á lítið eitt af innanstokksmunum.

20. Hvaða matbjörg hann eigi. Hálfa tunnu af kjöti; 1 skippn af rófum og 1 skippn af jarðeplum. Ekkert annað.

Að skýrsla þessi sé rétt og sönn í alla staði, vottast hérmeð undir eiðs tilboð.

Reykjavík, 3. janúar 1910.

Guðmundur Guðmundsson

(Nafn þurfalings).

Framanritaða skýrslu hefi eg tekið í dag í viðurvist undirskrifaðra votta, og votta eg að skýrslan er rétt bókuð eftir framburði þurfalingsins.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 3. janúar 1910.

Jón Sigurðsson
fulltrúi

Vottar:
J. Ólafsson
[illegible] Bröndal

---

Skýrsla þessi skal tekin áður en utansveitarþurfaling er veittur styrkur, — nema styrksþörfin sé svo brýn. að til þess fáist ekki svigrúm, en þá svo fljótt sem unt er. Skýrslan skal gefin

a. af manninum sjálfum, ef hjón verða þurfandi og til hans næst; að öðrum kosti af
b. konunni;
c. ef um einhleypar persónur er að ræða, af þurfaling sjálfum; og
d. ef um börn innan 16 ára er að ræða og hvorugt foreldra er innsveitis, eða þau eru dáin, af þeim mönnum nærstöddum, sem helst þekkja til.

Sé skýrslan eigi tekin á löglegan hátt, eða svo fljótt og svo fullkomin sem unt er, þá missir hlutaðeigandi sveitarfélag rétt til endurgjalds á styrknum, sjá 64. og 65 gr. fátækralaganna sbr. og og 66. gr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt skipun formanns fátækranefndar Reykjavíkur höfum við undirritaðir fátækrafulltrúar gjört aðsjón hjá *Haraldar Jónssyni*
*Grettisgötu no 54*

sem beiðst hefir styrks úr fátækrasjóði.

Heimilisástæður hans eru þessar: *Kona og 3 börn 6 ára 11 ára 12 ára*
*þessi 2 eldri börn hafa fríann skóla*

*Matvæli sem við sáum var 2 tunnur fiskur*
*1/2 tunna Rófur*
*1 Skp. af Kol*
*Laglegt inn bú og hreinlegt*

Er ~~það samhuga álit okkar, að nauðsyn sé til að sinna styrkbeiðni hans hið fyrsta.~~

Reykjavík þ *21 oktober* 19*10*

*Árni Einarsson*

*Jónas Guðbrandsson*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur